



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

STARFSLEYFI

fyrir gististað; gistiheimili (Midtown Reykjavík) að Vegamótastíg 7,
F2327626, rými 01 0101.

Nafn leyfishafa: IHC ehf.

Heimilisfang: Grensásvegur 14, 108 Reykjavíkurborg

Kennitala: 630693-2419

Gildir frá: 4. desember 2025

Gildir til: 4. desember 2037

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisfiskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með Starfsleyfisfiskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir gististaði.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skýlt er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, 4. desember 2025





Greinargerð með starfsleyfi fyrir gistiheimilið Midtown Reykjavík að Vegamótastíg 7.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur auglýsti drög að starfsleyfi fyrir gististað; tegund gistiheimili, Midtown Reykjavík að Vegamótastíg 7 þann 5. nóvember 2025 ásamt eftirtöldum gögnum: Umsókn um starfsleyfi, Drögum að starfsleyfi, Starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir gististaði, Rekstrarleyfisumsókn Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu og Jákvæðri umsögn byggingarfulltrúa um að húsnæði og fyrirhuguð starfsemi gististaðarins séu í samræmi við byggingarreglugerð og skipulag.

Frestur til að koma með skriflegar athugasemdir var til 3. desember 2025. Umsækjandi um starfsleyfi er IHC ehf., kt. 630693-2419.

Engar athugasemdir bárust vegna fyrirhugaðs rekstrar gistiheimilis að Vegamótastíg 7.

Umsókn IHC ehf., kt. 630693-2419, dags. 23. október 2025, að loknu auglýsingaferli, var lögð fyrir 1878. afgreiðslufund Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur þann 4. desember 2025, um starfsleyfi fyrir gististað; gistiheimili (Midtown Reykjavík) að Vegamótastíg 7, F2327626, rými 01 0101. Ný starfsemi. Samþykkt var að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir gististaði.*

Dags. 6. janúar 2026

Aron Jóhannsson